

**AUGLÝSING**  
**um staðfestingu samþykktar fyrir Félags- og skólaþjónustu**  
**Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.**

Mennta- og barnamálaráðuneytið, félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og innviðaráðuneytið hafa staðfest meðfylgjandi samþykkt fyrir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs., en aðilar að samlaginu eru Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur.

Byggðasamlagið er stofnað samkvæmt 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er hlutverk þess að annast samræmda félags- og skólaþjónustu í aðildarsveitarfélögunum á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, laga um grunnskóla nr. 91/2008, laga um leikskóla nr. 90/2008 og barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samþykktin og viðauki um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Anna Tryggvadóttir.**

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Jóna Guðný Eyjólfsdóttir.**

*Innviðaráðuneytinu, 13. júní 2024.*

F. h. r.  
**Guðni Geir Einarsson.**

**Fylgiskjal.****SAMÞYKKT**  
**Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og**  
**Vestur-Skaftafellssýslu bs.**

## 1. gr.

Félagið er byggðasamlag og heitir Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. Það byggir á 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

## 2. gr.

Aðild að byggðasamlaginu eiga sveitarfélögin fimm í þessum tveimur sýslum, þ.e. Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Önnur sveitarfélög geta orðið aðilar eftir ákvörðun stjórnar byggðasamlagsins og staðfestingu á aðalfundi.

Aðildarsveitarfélögin bera einfalda ábyrgð á fjárhagslegum skuldbindingum byggðasamlagsins en innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við eignarhluta hvers sveitarfélags sem miðast við fjölda íbúa 1. desember undangengið ár. Eignarhluti hvers sveitarfélags er reiknaður með sama hætti.

## 3. gr.

Hlutverk byggðasamlagsins er að annast samræmda félags- og skólaþjónustu í aðildarsveitarfélögunum, skv. lögum og reglugerðum sem í gildi eru um þá málaflokka hverju sinni.

Meðal verkefna félags- og skólaþjónustunnar er:

- að veita, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna félagslega ráðgjöf m.a. vegna atvinnuleysis, veikinda, húsnæðisleysis, fjárhagsvanda, fötlunar, öldrunar, málefna útlendinga, málefna barna og unglinga, fjölskylduvanda og áfengis- og vímuefnavanda,
- að veita barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002,
- að veita þjónustu við fólk með fötlun samkvæmt samkomulagi við Bergrisann bs.,
- að veita sérfræðiþjónustu og ráðgjöf skv. reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019, sem á stoð í 40. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 21.–23. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008,
- önnur verkefni sem stjórn felur þjónustunni að framkvæma skv. lögum og reglugerðum sem þjónustan starfar eftir.

## 4. gr.

Byggðasamlagið starfar eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, barnaverndarlögum nr. 80/2002, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lögum um grunnskóla nr. 91/2008, lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um samþættingu í þágu farsældar barna nr. 86/2021, reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019, auk annarra laga, reglugerða og stjórnvaldsfyrirmæla sem heyra undir málaflokkana.

## 5. gr.

Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalmönnum; einum frá hverju aðildarsveitarfélagi, tilnefndum af sveitarfélögunum, og jafnmörgum til vara. Skipunartími stjórnarmanna skal vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Stjórn byggðasamlagsins skiptir sjálf með sér verkum.

Formaður stjórnar byggðasamlagsins boðar til stjórnarfunda. Fráfarandi formaður boðar til fyrsta fundar nýskipaðrar stjórnar. Fundir stjórnar skulu boðaðir með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Dagskrá stjórnarfunda, ásamt fundargögnum, skal berast stjórnarmönnum í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir boðaðan fund.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur þegar meiri hluti kjörinna stjórnarmanna er mættur til fundar. Atkvæði stjórnarmanna skulu vega jafn þungt við afgreiðslu mála í stjórn. Ákvarðanir á stjórnarfundum teljast samþykktar ef einfaldur meirihluti fundarmanna samþykkir þær.

Fundargerðir stjórnar byggðasamlagsins skal senda aðildarsveitarfélögum til kynningar innan fimm virkra daga frá stjórnarfundum.

#### 6. gr.

Stjórn byggðasamlagsins hefur yfirumsjón með rekstri þess. Stjórn skal í samstarfi við framkvæmdastjóra byggðasamlagsins gera tillögur að rekstrar- og fjárhagsáætlunum sem lagðar eru fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu. Tillögur stjórnar skulu berast sveitarstjórnnum eigi síðar en 15. október.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins, eða í samþykkt þessari. Ákvarðanir um lántökur eða mál er varða útgjöld umfram fjárhagsáætlun byggðasamlagsins þarfnast staðfestingar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila, enda samrýmist þeir samningar lögum um þjónustuna sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar og stefnu byggðasamlagsins.

Stjórn byggðasamlagsins hefur umboð til að ákvarða um almenna starfsemi byggðasamlagsins og aðlögun hennar að breyttum aðstæðum, t.d. við lagabreytingar, enda rúmist þær innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Stjórn byggðasamlagsins er jafnframt sameiginleg félagsmála- og skólaþjónustunefnd aðildarsveitarfélaganna skv. 8. gr. samþykktar þessarar. Hún starfar í umboði aðildarsveitarfélaganna og hefur hlutverk í stefnumótun og faglegri eftirfylgni við bæði félags- og skólaþjónustu. Stjórnin fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu á starfssvæðinu, sbr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

#### 7. gr.

Stjórn byggðasamlagsins ræður framkvæmdastjóra og leysir hann frá störfum. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með þjónustunni og ber ábyrgð á rekstri byggðasamlagsins.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk og leysir það frá störfum, í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Framkvæmdastjóri getur, að fengnu samþykki stjórnar, framselt ráðningarvald til tilgreindra undirmanna sinna þegar ráðningarhlutfall er lægra en 20%, s.s. í heimaþjónustu eða félagslegri liðveislu. Settar skulu reglur um slíkar ráðningar sem stjórn byggðasamlagsins samþykkir.

Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnar að reglum sem falla undir málefna svið byggðasamlagsins.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð afgreiðir framkvæmdastjóri umsóknir um þjónustu á grundvelli reglna sem byggðasamlagið hefur sett, s.s. umsóknir um fjárhagsaðstoð, félagslegt leiguhúsnæði, sérstakan húsnæðisstuðning og félagslega heimaþjónustu, án staðfestingar stjórnar, enda varði þau ekki verulega fjárhag sveitarfélaganna og lög eða eðli máls mæli ekki sérstaklega gegn því.

Framkvæmdastjóri kynnir fyrir stjórn ákvarðanir skv. 4. mgr. með skriflegri skýrslu á næsta fundi stjórnar. Framkvæmdastjóra er ávallt heimilt að vísa ákvörðun skv. 4. mgr. til afgreiðslu stjórnar, s.s. ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu málsins eða ef lög, reglur eða stefna eru ekki skýr eða ljóst er að ákvörðun er stefnumarkandi.

Telji aðili máls að stjórnvaldsákvörðun framkvæmdastjóra skv. 3. mgr. 7. gr. sé ólögmet eða byggð á ófullnægjandi eða röngum forsendum getur hann skotið málinu til stjórnar. Ákvörðunum stjórnar sem varða félagsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. laganna.

Aðila máls skal leiðbeint um málskotsleiðir og rétt sinn til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar velferðarmála og um kærufrest, ef um kæranalega ákvörðun er að ræða.

#### 8. gr.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð afgreiðir stjórn, án staðfestingar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna, eftirfarandi verkefni enda varði þau ekki verulega fjárhag byggðasamlagsins eða sveitarfélaganna og lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því:

- a. Mál sem framkvæmdastjóri vísar til stjórnar skv. 7. gr.

- b. Staðfestir reglur sem falla undir málefnasvið byggðasamlagsins. Þó skulu reglur sem þurfa staðfestingu ráðherra samkvæmt lögum fara til tveggja umræðna í sveitarstjórnnum sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.
- c. Stefnumorðun sem fellur undir málefnasvið byggðasamlagsins.

Að öðru leyti fer um hlutverk og starfshætti stjórnar í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019 eftir því sem við á.

#### 9. gr.

Aðalfund byggðasamlagsins skal halda fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafundi eftir þörfum. Aðalfund og aukaaðalfundi skal boða með tölvupósti ásamt dagskrá með a.m.k. sjö daga fyrirvara. Aðalmenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórn aðildarsveitarfélaganna eiga seturétt á aðal- og aukafundum byggðasamlagsins.

Einn fulltrúi frá hverri sveitarstjórn fer með atkvæðisrétt hennar á aðal- og aukafundum. Sá sem fer með atkvæði sveitarstjórnar skal vera framkvæmdastjóri viðkomandi sveitarfélags eða aðalmaður í sveitarstjórn. Sveitarstjórnarfulltrúi sem fer með atkvæði skal hafa til þess skriflegt umboð sveitarstjórnar sinnar.

#### 10. gr.

Aðalfundur byggðasamlagsins er ályktunarhæfur hafi löglega verið til hans boðað og ef fulltrúar þriggja sveitarfélaga, sem fara með umboð meira en helmingis íbúa á starfssvæðinu, eru mættir.

Atkvæðisvægi aðildarsveitarfélaganna er misþungt á aðalfundum og skal það vera í hlutfalli við íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags 1. desember næstliðins árs. Tilkynnt skal í upphafi fundar hver fari með atkvæðisrétt fyrir hönd hvers sveitarfélags og atkvæðavægi.

Verkefni aðalfundar eru:

1. Skýrsla stjórnar byggðasamlagsins og staðfesting ársreiknings.
2. Ákvörðun um breytingu á samþykktum byggðasamlagsins, ef tillaga þar um hefur komið fram með löglegum fyrirvara (sbr. 8. gr.).
3. Kosning endurskoðenda.
4. Ákvörðun um laun stjórnar byggðasamlagsins.
5. Önnur mál.

#### 11. gr.

Stjórn byggðasamlagsins og hvert aðildarsveitarfélag getur gert tillögur að breytingum á samþykkt þessari. Tillögur um breytingar á samþykktinni skulu berast stjórn byggðasamlagsins í síðasta lagi sjö sólarhringum fyrir aðalfund. Tillöguflytjandi skal jafnframt kynna öllum aðildarsveitarfélögum tillöguna með sama fyrirvara.

#### 12. gr.

Ákvarðanir aðal- og aukafunda byggðasamlagsins, sem löglega er til boðað, eru bindandi ef einfaldur meirihluti fulltrúa miðað við atkvæðavægi, skv. 5. gr. samþykkir þær, sbr. þó ákvarðanir sem fjallað er um í 11. gr. samþykktar þessarar.

Samþykktum byggðasamlagsins verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 hluta atkvæðamagns á fundi. Breytingar á samþykkt þessari þarf að leggja fyrir sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga til tveggja umræðna áður en viðeigandi ráðuneyti staðfestir breytingarnar.

#### 13. gr.

Sameiginlegum kostnaði við rekstur byggðasamlagsins skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa þeirra eins og hann var 1. desember næstliðins árs.

Kostnaður vegna sértækra félagsþjónustu- og barnaverndarmála innheimtist hjá lögheimilisveitarfélagi þess einstaklings/einstaklinga sem um ræðir. Sé fyrirsjáanlegt að slík mál leiði af sér umtalsverð fjárútlát ber framkvæmdastjóra að halda sveitarstjóra viðkomandi sveitarfélags upplýstum.

Kostnaður vegna sértækra úrræða í skólaþjónustu sem eru á ábyrgð sveitarfélags, skv. samkomulagi milli velferðarráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. í maí 2014, s.s. við talþjálfun barna, greiðist af lögheimilissveitarfélagi viðkomandi barns.

## 14. gr.

Til að slíta byggðasamlaginu þarf samþykki a.m.k. 2/3 hluta atkvæða á löglega boðuðum aðal- eða aukafundi. Við slit samlagsins ganga eignir þess og/eða skuldir til eignaraðila í réttum hlutföllum miðað við íbúafjölda þeirra 1. janúar það ár sem slitin ná fram að ganga.

Kjósi aðildarsveitarfélag að ganga úr byggðasamlaginu skal það tilkynnt á aðalfundi. Úrsögnin tekur þó ekki gildi fyrr en um næstu áramót eftir að úrsögn er gerð kunn. Innan sex mánaða frá aðalfundi, þar sem úrsögn aðildarsveitafélags er tilkynnt, skal halda aukafund aðildarsveitafélaga að byggðasamlaginu. Á þeim fundi skal taka ákvörðun um hvort byggðasamlaginu skuli slitið eða því haldið áfram með breyttri eignaraðild.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 15. gr.

Aðili máls sem telur ákvörðun starfsmanna í máli ólögsmæta eða byggjast á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum getur skotið máli sínu til stjórnar nema lög eða reglugerðir kveði á um aðra málsmeðferð.

Beiðni um endurupptöku máls skal beint til sveitarstjórnar þess aðildarsveitarfélags sem viðkomandi einstaklingur býr í og fer um endurupptöku málsins skv. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## 16. gr.

Samþykkt þessari fylgir viðauki um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála hjá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Viðaukinn er órjúfanlegur hluti samþykktar þessarar.

## 17. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum að fenginni staðfestingu mennta- og barnamálaráðuneytisins, félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins og innviðaráðuneytisins, sbr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 11. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

VIÐAUKI  
**um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála hjá Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla-  
og Vestur-Skaftafellssýslu bs. samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.**

**I. Grundvöllur.**

1. gr.

*Grundvöllur.*

Viðauki þessi er settur á grundvelli 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 (barnaverndarlög). Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. (hér eftir byggðasamlagið) fer með hlutverk barnaverndarþjónustu, sbr. 2. mgr. 10. gr. barnaverndarlaga, fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna. Partilgreindum starfsmönnum byggðasamlagsins er í reglum þessum falið umboð til könnunar, meðferðar og ákvarðanatöku í einstökum barnaverndarmálum og öðrum málum þar sem barnaverndarþjónusta fer lögum samkvæmt með ákvörðunarvald. Sé ekki sérstaklega mælt fyrir um það í viðauka þessum hver hefur heimild til að taka ákvörðun, hefur teymisstjóri og/eða framkvæmdastjóri í samráði við lögfræðing heimild til að taka slíka ákvörðun.

2. gr.

*Skilgreining á hugtökum.*

*Teymisstjóri* er stjórnandi verkefna byggðasamlagsins sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga.

*Lögfræðingur* er lögfræðimenntaður starfsmaður sem vinnur að málum byggðasamlagsins sem unnin eru á grundvelli barnaverndarlaga.

*Framkvæmdastjóri* er stjórnandi byggðasamlagsins.

*Meðferðarfundur* er fundur teymis, þar sem fram fara umræður um einstök mál, sjónarmið fagaðila, barna og foreldra eru ígrunduð og lagt mat á stefnu máls og ákvörðun tekin samkvæmt því. Meðferðarfundir eru að jafnaði haldnir vikulega og stýrt af teymisstjóra eða framkvæmdastjóra. Í fjarveru teymis- og framkvæmdastjóra getur tiltekinn sérhæfður starfsmaður eða lögfræðingur stýrt fundi og tekið ákvarðanir í umboði teymis- eða framkvæmdastjóra.

*Sérhæfður starfsmaður* telst sérhæft starfsfólk í skilningi 3. mgr. 11. gr. barnaverndarlaga. Þetta eru starfsmenn með eftirfarandi starfsheiti: félagsráðgjafi og ráðgjafi.

3. gr.

*Heimildir og umboð starfsmanna.*

Í forföllum eða fjarveru teymisstjóra leysir sérhæfður starfsmaður eða framkvæmdastjóri hann af.

4. gr.

*Starfslið.*

Framkvæmdastjóri ræður starfslið í samráði við stjórn byggðasamlagsins. Framkvæmdastjóri getur, að fengnu samþykki stjórnar, framselt ráðningarvald til tilgreindra undirmanna sinna þegar ráðningarhlutfall er lægra en 20%, s.s. í heimaþjónustu eða félagslegri liðveislu. Settar skulu reglur um slíkar ráðningar sem stjórn byggðasamlagsins samþykkir.

Teymisstjóra er heimilt að semja við stofnanir og sérfræðiþjónustu við vinnslu mála.

Teymisstjóra er heimilt að fela utanaðkomandi sérfræðingum vinnslu og meðferð mála eftir því sem þörf er á hverju sinni. Þá er teymisstjóra heimilt að semja við utanaðkomandi aðila um rekstur vistheimila eða annarra úrræða á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga.

5. gr.

*Valdsvið og samstarf barnaverndarþjónustna.*

Teymisstjóri getur samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í þeirra umdæmi, þó barn hafi fasta búsetu í umdæmi byggðasamlagsins. Sömuleiðis getur teymisstjóri samið við aðrar barnaverndarþjónustur um að mál skuli að einhverju eða öllu leyti unnið í umdæmi byggðasamlagsins, þó barn hafi fasta búsetu annars staðar. Að öðru leyti fer um þessi mál samkvæmt 15. gr. barnaverndarlaga. Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga vegna

barns sem stadd er í umdæmi byggðasamlagsins en hefur fasta búsetu annars staðar getur sérhæfður starfsmaður, í samráði við teymisstjóra, framkvæmdastjóra og/eða lögfræðing, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga, framkvæmt hana. Sérhæfður starfsmaður skal án tafar tilkynna viðkomandi barnaverndarþjónustu um málið sem skal taka málið til meðferðar og taka allar frekari ákvarðanir.

## II. Upphaf og könnun barnaverndarmáls.

### 6. gr.

#### *Málsmeðferð.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða grun um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess. Sérhæfðir starfsmenn skulu einnig taka á móti tilkynningum um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu.

Skrá skal nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta.

Sérhæfður starfsmaður skal vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en barnaverndarþjónustunni (samkvæmt 2. mgr. 19. gr. barnaverndarlaga). Það á þó ekki við ef um er að ræða tilkynnendur skv. 17. og 18. gr. barnaverndarlaga, sbr. 3. mgr. 19. gr. laganna.

Meðferðarfundur skal taka afstöðu eigi síðar en innan 7 daga frá því tilkynning berst um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun í málinu. Ákvörðun um að hefja könnun skal ekki tekin, nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til. Sama gildir þó sérhæfður starfsmaður fái upplýsingar með öðrum hætti en tilkynningu. Teymisstjóri tekur ákvörðun um að hefja könnun á meðferðarfundi að höfðu samráði við sérhæfða starfsmenn. Í fjarveru teymisstjóra tekur framkvæmdastjóri ákvörðun.

Sérhæfður starfsmaður skal tilkynna foreldrum/forsjáraðilum um að tilkynning hafi borist og um ákvörðun í tilefni af henni. Einungis er heimilt að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna.

Leitast skal við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við foreldra/forsjáraðila. Sérhæfður starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Aflað skal sem gleggstra upplýsinga um hagi barnsins svo sem andlegt og líkamlegt ásigkomulag þess. Að öllu jöfnu skal rætt við barnið sjálf.

Ef grunur er um að brotið hafi verið gegn barni á grundvelli almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hafa sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Könnun máls skal ekki vera umfangsmeiri en nauðsyn krefur og gæta skal meðalhófs við öflun upplýsinga. Þegar mál hefur verið nægilega kannað skal sérhæfður starfsmaður taka saman greinargerð þar sem lýst er niðurstöðum könnunar, tiltekið hverra úrbóta sé þörf og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta. Ákvörðun um beitingu úrræða skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun.

Niðurstöður könnunar máls skal leggja fyrir meðferðarfund. Teymisstjóri tekur ákvörðun um hvort tilefni sé til frekari afskipta og beitingu úrræða á meðferðarfundi, að höfðu samráði við sérhæfða starfsmenn. Í fjarveru teymisstjóra tekur framkvæmdastjóri ákvörðun.

### 7. gr.

#### *Nafnleynd.*

Tilkynnandi skv. 16. gr. barnaverndarlaga skal njóta nafnleyndar gagnvart öðrum en byggðasamlaginu, óski hann þess, nema sérstakar ástæður mæli gegn því. Óski aðili máls eftir afléttingu á nafnleynd getur teymisstjóri tekið ákvörðun, í samráði við sérhæfða starfsmenn, um að synja um afléttingu nafnleyndar.

Ef rökstuddur grunur er um að tilkynnandi hafi vísvitandi komið á framfæri rangri eða villandi tilkynningu getur teymisstjóri tekið ákvörðun um að aflétta nafnleyndinni. Ef tekin er ákvörðun um að aflétta nafnleynd getur lögfræðingur óskað lögreglurannsóknar á meintu broti gegn 96. gr. barnaverndarlaga.

## 8. gr.

*Ákvörðun um könnun máls.*

Þegar tilkynning berst skal ákvörðun tekin um hvort ástæða sé til að hefja könnun á vikulegum meðferðarfundum. Teymisstjóri tekur ákvörðun um að hefja könnun á meðferðarfundum að höfðu samráði við sérhæfða starfsmenn. Í fjarveru teymisstjóra tekur framkvæmdastjóri ákvörðun.

Ákvörðun um að hefja könnun máls skal ekki tekin nema rökstuddur grunur sé um að tilefni sé til.

Teymisstjóri ásamt sérhæfðum starfsmönnum tekur ákvörðun um að fresta tilkynningu til foreldra vegna ríkra rannsóknarhagsmuna, sbr. 3. mgr. 21. gr. barnaverndarlaga.

Ef brýna nauðsyn ber til hefur sérhæfður starfsmaður, að höfðu samráði við teymisstjóra, heimild til að hefja könnun án þess að meðferðarfundur hafi fjallað um málið.

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls úthlutar teymisstjóri málinu til sérhæfðs starfsmanns.

## 9. gr.

*Úthlutun annarra mála.*

Mál sem heyra undir byggðasamlagið en eru ekki unnin á grundvelli V. kafla barnaverndarlaga, skal teymisstjóri úthluta til sérhæfðs starfsmanns.

## 10. gr.

*Skipan talsmanns.*

Þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun máls skal sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra taka afstöðu til þess í bókun hvort þörf sé á að skipa barni talsmann. Meta skal skipan talsmanns fyrir barn samkvæmt 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga og 15. gr. reglugerðar um málsmeðferð yfir barnaverndarnefnd nr. 56/2004. Meðferðarfundur skal velja talsmann sem er best til þess fallinn að þjóna hagsmunum barns í hverju máli.

## 11. gr.

*Könnun máls.*

Sérhæfður starfsmaður sem fer með könnun máls sér um að afla upplýsinga í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga og reglugerða, leita aðstoðar sérfræðinga og óska eftir þjónustu Barnahúss eftir því sem við á, sbr. 22. gr. barnaverndarlaga. Hann leitast við að könnun fari fram í samráði og samvinnu við forsjáradila, þó ætíð með hagsmunum barns að leiðarljósi. Sérhæfður starfsmaður fer með þær rannsóknarheimildir sem mælt er fyrir um í 43. gr. barnaverndarlaga. Sérhæfður starfsmaður tekur þátt í samþættingu þjónustunnar frá upphafi barnaverndarmáls ef fyrir liggur beiðni um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns sbr. 22. gr. a. barnaverndarlaga. Ef ekki liggur fyrir beiðni um samþættingu þjónustu ber sérhæfðum starfsmanni við upphaf könnunar og eftir þörfum á meðan könnun vindur fram, að leiðbeina foreldrum og/eða barni um rétt samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Að lokinni könnun máls skulu sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundum um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 1. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

## 12. gr.

*Lögreglurannsókn.*

Ef grunur leikur á að alvarlegt refsivert brot hafi verið framið gagnvart barni tekur sérhæfður starfsmaður ákvörðun um að óska lögreglurannsóknar. Eftir atvikum skal leita samþykkis forsjáradila sem hefur barn í sinni umsjá og hafa samráð við barn. Teymisstjóri skal upplýstur um að máli hafi verið vísað í lögreglurannsókn.



## 12. gr.

*Neyðarráðstafanir.*

Ef beita þarf neyðarráðstöfun skv. 31. gr. barnaverndarlaga getur sérhæfður starfsmaður að höfðu samráði við teymisstjóra, framkvæmdastjóra og/eða lögfræðing framkvæmt hana, án undangenginnar málsmeðferðar skv. VIII. kafla barnaverndarlaga.

Með samþykki forsjáraðila getur sérhæfður starfsmaður tekið ákvörðun um neyðarráðstöfun gagnvart barni sem er 15 ára eða eldra án samráðs. Teymisstjóri skal upplýstur um ákvörðunina.

Við aðstæður þær sem lýst er í 1. mgr. 31. gr. barnaverndarlaga er sérhæfðum starfsmanni heimilt, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 43. gr. barnaverndarlaga, að fara inn á heimili enda sé ástæða til að ætla að barn sé í bráðri hættu.

**III. Ráðstafanir barnaverndarþjónustu.**

## 13. gr.

*Áætlun um meðferð máls.*

Sérhæfður starfsmaður, í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum barn sem náð hefur 15 ára aldri, skal gera skriflega áætlun um meðferð máls og undirritar áætlunina f.h. byggðasamlagsins.

Sérhæfður starfsmaður skal gera einhliða áætlun um framvindu máls og beitingu úrræða, náist ekki samkomulag við foreldra eða barn, þegar það á við, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 4. mgr. 23. gr. barnaverndarlaga.

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun á meðferðarfundi um lokun máls þegar áætlun rennur út eða meðan meðferðaráætlun er í gangi ef aðstæður barns verða viðunandi eða ekki er af öðrum ástæðum þörf á áframhaldandi vinnslu á grundvelli barnaverndarlaga.

## 14. gr.

*Framkvæmd meðferðaráætlunar.*

Sérhæfður starfsmaður skal sjá um alla framkvæmd meðferðaráætlunar. Hann skal koma á þeim stuðningi sem þar er mælt fyrir um og þörf er á, þar á meðal samþættingu þjónustu í þágu farsældar barns. Hann skal meta þörf á samstarfi við aðra aðila sem veitt gætu stuðning eða vinna í málum barnsins og koma á slíku samstarfi sé þess þörf. Sérhæfður starfsmaður getur, með samþykki foreldra, beitt þeim úrræðum sem kveðið er á um í 24. og 26. gr. barnaverndarlaga, sbr. einnig 10. gr. reglugerðar um úrræði á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 652/2004.

## 15. gr.

*Úrræði utan heimilis með samþykki foreldra og barns.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri geta, með samþykki foreldra og barns sem náð hefur 15 ára aldri mælt fyrir um að:

- Byggðasamlagið taki við forsjá eða umsjá barns og ráðstafað barni í fóstur.
- Byggðasamlagið taki við forsjá eða umsjá barns og visti barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leiti annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla barnaverndarlaga til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings.

Ákvörðun um að taka við forsjá eða umsjá barns sbr. a- og b-lið skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

Sérhæfður starfsmaður, með samþykki teymisstjóra, getur ákveðið með samþykki ungmennis að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að ungmenni verður 18 ára allt til 20 ára aldurs. Áður en ungmenni verður 18 ára þarf að meta þarfir þess til frekari úrræða eigi síðar en þremur mánuðum áður en það nær 18 ára aldri. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ungmenni getur skotið synjun, um að ráðstöfun í fóstur eða vistun haldist eftir að viðkomandi verður 18 ára, til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 16. gr.

*Vinnsla máls meðan vistun og fóstur varir.*

Þegar fyrir liggur ákvörðun um vistun eða fóstur barns skal sérhæfður starfsmaður fara með alla vinnslu máls á meðan vistun eða fóstur varir. Í því felst m.a. að sækja um vistun á meðferðarheimili á

vegum Barna- og fjölskyldustofu, gera vistunarsamning á grundvelli 80. gr. barnaverndarlaga, sækja um vistun/fóstur á grundvelli 84. gr. barnaverndarlaga, ganga frá áætlun um tryggja umsjá barns á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 56/2004 og 33. gr. barnaverndarlaga, koma á stuðningi við barn og/eða vistunaraðila, hafa frumkvæði að umgengni við nákomna eftir því sem þörf er á og gera umgengnissamning, fylgja eftir áætlun um meðferð og vistun barns, meta tímanlega árangur af fóstri eða vistun áður en henni lýkur og þörf á beitingu frekari úrræða.

17. gr.

*Úrræði án samþykkis foreldra.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið kveði upp úrskurð á grundvelli 26.-29. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

18. gr.

*Úrræði vegna ófæddra barna.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun, að höfðu samráði við lögfræðing, um að sett skuli fram krafa fyrir dómi um sviptingu sjálffræðis barnshafandi einstaklings samkvæmt ákvæðum lögræðisлага, í samræmi við 2. mgr. 30. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

19. gr.

*Endurskoðun ráðstafana.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka afstöðu til beiðni um endurskoðun ráðstafana í samræmi við 2. mgr. 34. gr. barnaverndarlaga. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

20. gr.

*Brottvikning heimilismanns og nálgunarbann.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að setja fram beiðni til lögreglu í samræmi við 37. gr. barnaverndarlaga.

21. gr.

*Fyrirsvar.*

Byggðasamlagið fer með fyrirsvar fyrir dómstólum og úrskurðarnefnd velferðarmála. Lögfræðingur, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og teymisstjóra, taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi, svo sem hvort afla eigi dómkvadds mats o.s.frv. Ákvarðanir um sættir eða að falla frá máli skulu staðfestar af teymisstjóra eða framkvæmdastjóra í hans fjarveru.

**IV. Ráðstöfun barna í fóstur.**

22. gr.

*Fóstur.*

Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri taka ákvörðun um að ráðstafa barni í fóstur í samræmi við XII. kafla barnaverndarlaga þegar fyrir liggja þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 65. gr. barnaverndarlaga og 2. gr. reglugerðar um greiðslur vegna barna í fóstri nr. 858/2013. Sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri, að höfðu samráði á meðferðarfundi, taka ákvörðun um þau atriði sem mæla skal fyrir um í fóstursamningi, svo sem forsjárskyldur fósturforeldra, fósturtíma, greiðslur til fósturforeldra, umgengni í fóstri, stuðning við barn og fósturforeldra og annað sem máli skiptir.

23. gr.

*Beiðni um fósturheimili og val á fósturforeldrum.*

Sérhæfður starfsmaður sendir beiðni um fósturheimili til Barna- og fjölskyldustofu í samræmi við 2. mgr. 67. gr. barnaverndarlaga og 15. gr. reglugerðar um fóstur nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra velur fósturforeldra úr hópi þeirra sem eru á skrá í samráði við Barna- og

fjölskyldustofu, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Sérhæfður starfsmaður undirbýr barn undir viðskilnað við foreldra. Sérhæfður starfsmaður skal leita umsagnar forsjárlaus foreldris áður en barni er ráðstafað í fóstur.

## 24. gr.

*Réttarstaða foreldris sem ekki fer með forsjá barns.*

Ef aðeins annað kynforeldra fer með forsjá barns þegar úrskurður eða svipting á sér stað eða foreldri sem fer eitt með forsjá afsalar sér umsjá eða forsjá til byggðasamlagsins getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi tekið ákvörðun um að ráðstafa barni til hins foreldrisins.

Með ákvörðun sérhæfðs starfsmanns og teymisstjóra, að undangengnu samráði á meðferðarfundi, er heimilt, ef hagsmunir barns eru taldir best tryggðir með þeim hætti, að afsala forsjá þess til hins kynforeldrisins.

## 25. gr.

*Réttarstaða foreldris sem barn býr ekki hjá þegar um sameiginlega forsjá er að ræða.*

Ef foreldri sem barn býr hjá þegar báðir fara sameiginlega með forsjá, afsalar sér umsjá barns skv. 25. gr. barnaverndarlaga eða kveðinn er upp úrskurður um tímabundna vistun utan heimilis skv. 27. eða 28. gr. laganna tekur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra ákvörðun um að hitt foreldrið taki við umsjá þess eða aðrir taki við umsjá þess. Ákvörðun skal tekin að undangengnu samráði á meðferðarfundi.

## 26. gr.

*Fóstursamningur.*

Þegar fóstur barns hefur verið samþykkt skal sérhæfður starfsmaður ganga frá fóstursamningi og undirrita f.h. byggðasamlagsins.

Ef breytingar verða á högum fósturforeldra á fósturtíma skal sérhæfður starfsmaður meta hvort þörf sé á að endurskoða fóstursamning í samræmi við 77. gr. barnaverndarlaga. Ef þörf er á endurskoðun fóstursamnings taka sérhæfður starfsmaður og teymisstjóri ákvörðun með bókun þar um, að undangengnu samráði á meðferðarfundi. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra með rökstuddri ákvörðun breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi. Ákvörðunin er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 27. gr.

*Greiðslur til fósturforeldra.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um fjárhæð fósturlauna í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 858/2013. Fósturforeldrar geta óskað eftir endurskoðun á fjárhæð fósturlauna ef þeir telja að umönnunarpörf barns hafi breyst frá því að fóstursamningur var gerður. Ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um greiðslur í styrktu fósturi með Barna- og fjölskyldustofu, í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 858/2013.

Fari fósturforeldrar fram á greiðslur á ófyrirséðum kostnaði með rökstuddri beiðni í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 858/2013 skal sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi taka afstöðu til beiðinnar með rökstuddri bókun. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

## 28. gr.

*Slit fóstursamnings.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um að breyta fóstursamningi eða fella hann úr gildi, eins og mælt er fyrir um í 32. gr. reglugerðar nr. 804/2004. Ef ekki næst samkomulag við fósturforeldra þar um getur byggðasamlagið, með bókun meðferðarfundar, breytt fóstursamningi eða fellt hann úr gildi með rökstuddri ákvörðun.

29. gr.

*Framfærsluskylða foreldra.*

Sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi tekur ákvörðun um hvort krafa verði gerð á foreldra um greiðslu framfærslueyris, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 858/2013 með hliðsjón af þörfum barnsins og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra. Með sömu sjónarmiðum getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að undangengnu samráði á meðferðarfundi ákveðið að aðstoða foreldra við kostnað vegna umgengni við barn í fóstri að hluta eða öllu leyti. Ef ekki næst samkomulag skal afgreiða málið með rökstuddri ákvörðun.

30. gr.

*Umgengni í fóstri.*

Við ráðstöfun barns í fóstur skal sérhæfður starfsmaður hafa frumkvæði að því að gera tillögur um umgengni barns við kynforeldra og aðra nákomna þegar það á við. Leitast skal við að ná samkomulagi við þá sem umgengni eiga að rækja og ganga frá skriflegum samningi um fyrirkomulag umgengninnar, að undangenginni bókun meðferðarfundar.

Ef ekki næst samkomulag um umgengni getur sérhæfður starfsmaður með samþykki teymisstjóra og að höfðu samráði á meðferðarfundi gert tillögu um að umdæmisráð barnaverndar úrskurði um ágreiningsefni er varða umgengni barns við foreldra eða nákomna í samræmi við 74. og 81. gr. barnaverndarlaga.

**V. Málsmeðferð barnaverndarmála.**

31. gr.

*Aðgangur að gögnum máls.*

Lögfræðingur tekur ákvörðun, að höfðu samráði við sérhæfðan starfsmann og teymisstjóra, um að takmarka aðgang aðila að tilteknum gögnum máls í samræmi við 2. mgr. 45. gr. barnaverndarlaga. Sú ákvörðun er kæránleg til úrskurðarnefndar velferðarmála.

32. gr.

*Aðstoð lögmanns.*

Bæjarstjórn samþykkir reglur um veitingu fjárstyrks til að greiða fyrir lögmannsaðstoð, sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga.

Lögfræðingur tekur ákvörðun um veitingu fjárstyrks á grundvelli 47. gr. barnaverndarlaga og í samræmi við reglur um veitingu fjárstyrks.

33. gr.

*Endurupptaka.*

Eftir að ákvörðun í barnaverndarmáli hefur verið tekin og hún tilkynnt getur aðili málsins óskað eftir endurupptöku séu skilyrði til endurupptöku fyrir hendi skv. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Beiðnum um endurupptöku ákvarðana í barnaverndarmálum skal beint til framkvæmdastjóra. Ákvörðun um endurupptöku skal tekin á meðferðarfundi og skal ákvörðun tilkynnt þeim sem biður um endurupptöku. Teymisstjóri tekur ákvörðun vegna endurupptökubeiðna, að höfðu samráði við sérhæfða starfsmenn. Í fjarveru teymisstjóra tekur framkvæmdastjóri ákvörðun.

34. gr.

*Birting ákvörðunar.*

Eftir að ákvörðun í barnaverndarmáli hefur verið tekin skal hún tilkynnt til aðila máls nema að það sé augljóslega óþarft. Ákvörðun er bindandi eftir að hún er komin til aðila. Þegar ákvörðun er tilkynnt af byggðasamlaginu skal tilkynningin uppfylla kröfur stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

**VI. Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga.**

35. gr.

*Sumardvöl fyrir börn.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að starfrækja sumardvöl í umdæmi byggðasamlagsins, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

36. gr.

*Stuðningsfjölskyldur.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um móttöku, vinnslu og meðferð beiðna frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála um umsagnir vegna umsækjenda um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda sbr. 8. og 9. gr. laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála nr. 88/2021, 85. gr. barnaverndarlaga og VI. kafla reglugerðar nr. 652/2004. Þegar starfsmaður hefur skrifað greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun skal hún kynnt umsækjanda og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en umsögnin er send Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

37. gr.

*Heimili og önnur úrræði á vegum byggðasamlagsins.*

Sérhæfðir starfsmenn skulu sjá um að afla leyfa, gera samninga við vistunaraðila skv. 5. gr. reglugerðar nr. 652/2004, hafa samskipti við Barna- og fjölskyldustofu og aðra aðila vegna þeirra úrræða sem fjallað er um í VII. kafla reglugerðar nr. 652/2004.

38. gr.

*Útvistun mála samkvæmt þessum kafla.*

Framkvæmdastjóri getur falið öðru starfsfólki byggðasamlagsins að sinna vinnslu verkefna eða annað sem til þarf vegna úrræða á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt þessum kafla og reglugerð nr. 652/2004.

**VII. Umsagnarmál.**

39. gr.

*Umsagnir samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999.*

Sérhæfður starfsmaður annast könnun mála vegna umsagnar byggðasamlagsins um ættleiðingar skv. 16. gr. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999. Umsagnir vegna ættleiðingarmála skulu lagðar fyrir meðferðarfund með skriflegri greinargerð þar sem m.a. koma fram upplýsingar um hagi og aðstæður umsækjanda og hvort umsækjandi uppfylli skilyrði í samræmi við ættleiðingarlög og reglugerð um ættleiðingar nr. 1030/2023.